

GJALDSKRÁ

fráveitugjalda í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Gjaldskylda.

Sveitarfélagið Árborg innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu samkvæmt gjaldskrá þessari og II. kafla samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1403/2023.

2. gr.

Stofngjald fráveitu.

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðarmörkum húseiganda við fráveitukerfi sveitarfélagsins sem og hlutdeild í stofnkostnaði aðliggjandi fráveitukerfis skal vera sem hér segir:

Einbýlis-, par- og raðhús, á hverja íbúð	683.198 kr.
Fjölbýlishús, á hverja íbúð	340.991 kr.
Mannvirki, önnur en íbúðir, pr. m ² af heildarstærð húsnæðis	1.935 kr.
0,28% af gjaldi einbýlis-, par- og raðhúsa.	

Gerir húseigandi eða lóðarhafi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélagsins ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna.

Gjöld samkvæmt þessari grein miðast við byggingarvísitölu í desember 2024 (193,6) og uppfærast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingu á vísitölunni.

3. gr.

Fráveitugjald.

Af þeim fasteignum í Sveitarfélaginu Árborg sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema:

0,102% af heildarfasteignamati eignar í A-flokki.
0,18% af heildarfasteignamati eignar í B-flokki.
0,18% af heildarfasteignamati eignar í C-flokki.

Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

4. gr.

Rotþróargjald.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurbætur á kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa skv. 19. gr. samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár, skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-6.000 lítra	19.632 kr./ár
Rotþró > 6.001 lítra	9.299 kr./m ³

Fyrir hverja aukalosun rotþróa, allt að 6.000 lítra að stærð, greiðast kr. 79.559.

Fyrir hverja aukalosun rotþróa, 6.001 lítra eða stærri, skal greiða skv. reikningi losunaraðila.

5. gr.

Gjalddagar.

a) *Stofngjald fráveitu*: Gjald dagi stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

- b) *Fráveitugjald og rotþróargjald*: Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

6. gr.

Innheimta.

Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald, ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga.

7. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1403/2023.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1429/2023.

Samþykkt í bæjarstjórn, 4. desember 2024.

Selfossi, 23. desember 2024.

Þórdís Sif Sigurðardóttir staðgengill bæjarstjóra.